

166 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Vestmannaeyjasýslu; um endur-
10. okt. greiðslu á vínfangatolli. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 11. júlí þ. á. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer bónarbrjef frá verzlunarstjóra J. M. Thomsen, þar sem hann fer fram á endurgreiðslu á aðflutningsgjaldi af 115 pottum af 16^o spritti, sem lekið hafi niður úr tunnu, sem fluttist til Vestmannaeyja frá Kaupmannahöfn með skipinu «Activ» 26. apríl þ. á., og fylgir brjefi yðar útskript úr þingbók og lögreglustjóra-vottorð máli þessu viðvíkjandi.

Eptir að jeg hefi fengið álit hins umboðslega endurskoðanda um þetta mál-efni, vil jeg hjer með tjá yður, herra sýslumaður, yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að með því að það verður að álitast löglega sannað með hinum umgetnu skjölum og skilríkjum, að hinir umræddu 115 pottar af 16^o spritti hafi lekið niður á leiðinni hingað til lands, þá fellst jeg á, að beiðandanum samkvæmt 3. gr. í lögum nr. 10, 11. febrúar 1876 sje endurgoldið aðflutningsgjald það, sem hann hefur af þeim greitt, og skal jeg því þjónustusamlega skora á yður að greiða honum 69 kr. að frá-dregnum innheimtalaunum af aðflutningsgjaldi því, sem þjer heimtið saman á þessu ári, og telja þessa upphæð með útgjöldum¹ aðflutningsgjaldsreikningi yðar.

167 Brjef landshöfðingja til stiptsyrfrvaldanna, um kaup á jörð handa presta-
17. okt. kalli. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háærverðugi herra, í þókn-
anlegu brjefi dags. 8. f. m. og eptir beiðni sóknarnefndanna í Bergstaða og Bólstað-
arhlíðarsóknum og hlutadeigandi prests ásamt meðmælum hlutadeigandi prófasts, vil jeg
hjer með leggja samþykki mitt á, að jörðin Steinárgerði í Bólstaðarhlíðarhreppi verði

sem hún síðan hvergi, með 10 ára samfleyttri dvöl, hafi unnið sjer sveit, þá beriað álitá, að hún eigi þar rjett til framfærslu.

Hreppsnefnd Reykholtaldalshrepps aptur á móti álitur, að Þuríður með 10 ára dvöl í Andakílshreppi sje orðin þar sveitföst, og hefur því krafizt þess, að Þuríður verði úrskurðuð að eiga framfærslurjett í Andakílshreppi og þessi hreppur verði skyldaður til að endurgjalda Reykholtaldalshreppi það, sem þaðan hefur verið lagt af fátækrafje með Þuríði, sem í lok meðgjafarársins 1887—88 var orðið: 113 kr. 80 a.; því þótt Þuríður veturinn 1875—76 hafi dvalið í Deildartungu, þá hafi hún þann vetur í raun rjetti átt lögheimili í Þingnesi, og þessvega hafi hún verið 1876 verið búin að dvelja þar í hreppi löglegri dvöl í 10 ár; hún hafi alls eigi vikið vistferlum að Deildartungu, heldur aðeins dvalið þar hjá skyldfólki sínu, enda hafi hún skilið rúm sitt og fjármuni eptir í Þingnesi um haustið, er hún fór þaðan. Það virðist nægilega sannað af skjölum málsins og vitnaleiðslunni, að Þuríður síðustu árin sem hún dvaldi í Þingnesi, hafi verið þar í gustukaskyni hjá skyldfólki sínu þar hún sökum heilsuleysis eigi lengur gat verið hjú, og sömuleiðis verður að skoða dvöl hennar í Deildartungu veturinn 1875—76 á sama hátt, þannig að hún þar hafi haft löglegt heimili hjá ættingjum sínum um veturinn, sem gustukakona, öldungis eins og næst undanfarinn tíma í Þingnesi, eptir að hún hætti að geta verið þar hjú sökum heilsu-brests, en af því leiðir nú beinlínis, að Þuríður aldrei hefur dvaldið samfleytt 10 ár í Andakílshreppi, nje í nokkrum öðrum hreppi, og þer þessvega, eins og sýslumaður hefur gjört í frammannefndum úrskurði sínum, að álitá Þuríði Bøðvarsdóttur sveitlaga í Reykholtaldalshreppi, þar sem hún eptir áðursögðu hinn 29. sept. 1847 hafði dvalið samfleytt í 5 ár, og er úrskurður hans í þessu máli þvi hjer með staðfestur.

Þetta tilkynnist yður hr. sýslumaður, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir oddvitum hreppsnefndanna í Reykholtaldal- og Andakílshreppum.